

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

2001/EES/26/35

frá 9. desember 1999

um að innleiða aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna(*)

(1999/847/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

í framtíðinni kann að gera mönnum kleift að koma í veg fyrir margvíslegar hamfarir, þar með talin flóð.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 308. gr.,

3) Samkvæmt stefnu- og aðgerðaáætlun bandalagsins í tengslum við umhverfið og sjálfbæra þróun (7), sem framkvæmdastjórnin hefur lagt fram, er fyrirhugað að bandalagið auki einkum umsvif sín í sambandi við neyðarástand í umhverfismálum. Samkvæmt sömu áætlun er mælt til þess að í því starfi verði tekið mið af vísindarannsóknnum og tækniþróun.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar (1),

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins (2),

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar (3),

4) Með aðgerðaáætlun bandalagsins verður haldið áfram að þróa samstarf á þessu sviði með enn skilvirkari hætti. Áætlunina skal að miklu leyti byggja á þeirri reynslu sem þegar hefur verið aflað.

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar(4),

5) Í samræmi við dreiffræðisregluna á samstarf bandalagsins að styðja við og koma til viðbótar stefnu aðildarríkjanna á sviði almannavarna svo að hún verði skilvirkari. Samnýting reynslu og gagnkvæm aðstoð stuðlar að fækkun dauðsfalla og dregur úr meiðslum, eignatjóni, efnahagstjóni og umhverfisspjöllum í öllu bandalaginu, sem gerir markmiðin um félagslega samheldni og samstöðu áþreifanlegri.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Aðgerðum bandalagsins á þessu sviði frá árinu 1985 ber að halda áfram í því skyni að efla samstarf aðildarríkjanna. Þær ályktanir sem hafa verið samþykktar frá árinu 1987 (5) ásamt ákvörðun ráðsins 98/22/EB frá 19. desember 1997 um að koma á fót aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannavarna (6) eru grundvöllur þess samstarfs.

6) Einangruð svæði og afskekkustu svæði í sambandinu hafa ýmis séreinkenni sökum legu sinnar, staðhátta og félagslegra og efnahagslegra aðstæðna, sem hefur neikvæð áhrif og gerir erfitt um vik að flytja þangað björgunarsveitir og -búnað þegar mikil hætta steðjar að.

2) Einstakar aðgerðir, sem bandalagið grípur til við framkvæmd áætlunarinnar, stuðla að verndun einstaklinga, umhverfis og eigna komi til náttúruhamfara og við vá af völdum tæknibilunar og að aukinni vitund um samspil mannglegra athafna og náttúruafllanna, sem

7) Aðgerðaáætlun bandalagsins eykur gagnsæi auk þess að treysta og styrkja ýmsar aðgerðir með markmið sáttmálans í huga.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2000 frá 11. apríl 2000 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins. Sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna nr. 27, 15.6.2000, bls. 26.

(1) Stjtið. EB C 28, 3.2.1999, bls. 29.

(2) Stjtið. EB C 279, 1.10.1999, bls. 210.

(3) Stjtið. EB C 169, 16.6.1999, bls. 14.

(4) Stjtið. EB C 293, 13.10.1999, bls. 53.

(5) Stjtið. EB C 176, 4.7.1987, bls. 1; Stjtið. EB C 44, 23.2.1989, bls. 3; Stjtið. EB C 315, 14.12.1990, bls. 1; Stjtið. EB C 313, 10.11.1994, bls. 1.

(6) Stjtið. EB L 8, 14.1.1998, bls. 20.

(7) Stjtið. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

- 8) Aðgerð til að draga úr áhættu og koma í veg fyrir tjón, auk þess að koma upplýsingum á framfæri og undirbúa þá sem bera ábyrgð á og koma að almannavörnum í aðildarríkjunum, er mikilvæg og liður í auknum viðbúnaði vegna slysa. Enn fremur er mikilvægt að hefja bandalagsaðgerð til að bæta tækni og aðferðir í tengslum við viðbrögð og skyndihjálp í kjölfar neyðarástands.
- 9) Einnig er mikilvægt að grípa til aðgerða sem beinast að hinum almenna borgara, þannig að evrópskir ríkisborgarar geti eftt eigin varnir.
- 10) Fastanet tengiliða aðildarríkjanna um almannavarnir mun áfram gegna ákveðnu hlutverki í málefnum sem tengjast almannavörnum.
- 11) Samþykking ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um það hvernig skuli fara með framkvæmdavald sem framkvæmdastjórninni er falið ⁽¹⁾.
- 12) Frá 1. janúar 2000 koma ákvæði þessarar ákvörðunar í stað aðgerðaáætlunarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun 98/22/EB og lýkur 31. desember 1999.
- 13) Í þessari ákvörðun er að finna fjárhagsviðmiðun, í skilningi 34. liðar samstarfssamningsins milli Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar frá 6. maí 1999 ⁽²⁾ um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga, fyrir allt tímabilið sem áætlunin varir án þess þó að hafa áhrif á heimildir fjárveitingavaldsins eins og skilgreint er í sáttmálanum.
- 14) Í sáttmálanum er ekki gert ráð fyrir öðrum heimildum vegna samþykktar þessarar ákvörðunar en þeim sem um getur í 308. gr.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði almannaþarna (hér á eftir nefnd „áætlunin“) er hér með komið á fót fyrir tímabilið 1. janúar 2000 til 31. desember 2004.

2. Þessari áætlun er ætlað að styðja við og koma til viðbótar viðleitni aðildarríkjanna á lands-, svæðis- og staðarvísu í þeim tilgangi að verja menn, eignir og þar með umhverfi komi til náttúruhamfara og við vá af völdum tæknibilunar, samanber þó innri skiptingu valdsviðs í aðildarríkjunum. Einnig er stefnt að því að greiða fyrir samstarfi, miðlun reynslu og gagnkvæmri aðstoð milli aðildarríkjanna á þessu sviði.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1.

3. Áætlunin tekur ekki til ráðstafana sem miða að samræmingu laga og reglna aðildarríkjanna eða skipulagi viðbúnaðar innanlands í aðildarríkjunum.

2. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal sjá um framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari áætlun.

2. Áætluninni er komið til framkvæmda með þriggja ára breytilegri áætlun sem ber að endurskoða ár hvert og samþykka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr.

3. Fjárhagsviðmiðun fyrir framkvæmd téðrar áætlunar er 7,5 milljónir evra.

Fjárveitingavaldið skal heimila árlegar fjárveitingar sem rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

4. Aðgerðir sem falla undir áætlunina og fjárhagsákvæði um framlag bandalagsins eru sett fram í viðaukanum.

3. gr.

1. Í breytilegu áætluninni um framkvæmdina skulu settar fram einstakar aðgerðir sem ráðist skal í.

2. Einstakar aðgerðir skulu einkum valdar með tilliti til eftirfarandi viðmiða:

- a) að þær stuðli að því að draga úr hættu á að menn, eignir og þar með umhverfi verði fyrir tjóni komi til náttúruhamfara og við vá af völdum tæknibilunar;
- b) að þær stuðli að því að auka viðbúnað þeirra sem taka þátt í almannavörnum í aðildarríkjunum, í þeim tilgangi að auka hæfni þeirra til að bregðast við í neyðartilvikum;
- c) að þær stuðli að því að greina og rannsaka orsakir hamfara;
- d) að þær stuðli að því að bæta leiðir og aðferðir við spár, tækni og aðferðir í tengslum við viðbrögð og skyndihjálp í kjölfar neyðarástands;
- e) að þær stuðli að því að auka skilning, fræðslu og upplýsingar til almennings, til þess að almennir borgarar geti eftt eigin varnir.

3. Hver einstök aðgerð skal fara fram í náinni samvinnu við aðildarríkin.

4. Eftir því sem við á skulu aðgerðir samkvæmt þessari áætlun stuðla að því að:

— fella almannavarnamarkmið inn í stefnu og aðgerðir bandalagsins og aðildarríkjanna á öðrum sviðum, einkum að meðtöldu áhættumati í tengslum við mat á áhrifum af búnaði og starfsemi,

— ásamt því að samræma áætlunina við aðrar aðgerðir bandalagsins.

5. Í hverri aðgerð skal tekið mið af niðurstöðum bandalagsins og niðurstöðum úr innlendum rannsóknum á viðeigandi sviðum.

4. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB.

Fresturinn sem um getur í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB skal vera þrjú mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á framkvæmd þessarar áætlunar við miðvik og lok hennar og leggja skýrslu fyrir

Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 30. september 2002 og 31. mars 2004.

6. gr.

Þessi ákvörðun kemur til framkvæmda 1. janúar 2000.

7. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. desember 1999.

Fyrir hönd ráðsins,

O. HEINONEN

forseti.

VIDAUKI

Aðgerð ⁽¹⁾	Fjárhagsákvæði
<p>A. Helstu verkefni sem hafa almenna skírskotun</p> <p>Helstu verkefni sem hafa almenna skírskotun í öllum eða mörgum aðildarríkjum og hafa þau áhrif að almannavarnir verða betur í stakk búnar til að mæta tilteknum þáttum við hamfarir, svo sem:</p> <ul style="list-style-type: none"> — forvarnarstarfi, — viðbúnaði, — viðbrögðum, — skyndihjálpi, — greiningu og rannsóknum á orsökum hamfara (áhættu-greiningu og greiningu á því hvar vörnum er ábótavant), — greiningu á félagsefnahagslegum afleiðingum hamfara, — að bæta leiðir og aðferðir þegar spár eru gerðar. <p>B. Þjálfun</p> <p>1. <i>Málstofur og námskeið</i> ⁽²⁾</p> <p>Skipulagning málstofa eða námskeiða fyrir sérfræðinga, tæknifræðinga og tæknimenn frá aðildarríkjunum, þannig að innan hvernar greinar sé hægt að miðla reynslu með sérstakri umfjöllun sem lýtur að tækni og aðferðum með það að markmiði:</p> <ul style="list-style-type: none"> — að auka viðbúnað — að skapa skilyrði til þess að koma upp netkerfi sem gerir rekstrarlegt samstarf milli aðildarríkjanna skilvirkara í neyðartilvikum. <p>2. <i>Skipti á sérfræðingum og tæknimönnum</i></p> <p>Skipulagning sérfræðiaðstoðar utan aðalstöðva við neyðarþjónustu eða aðrar viðkomandi stofnanir í öðrum aðildarríkjum í því skyni að sérfræðingar geti aflað sér reynslu, lagt mat á aðra tækni eða kynnt sér aðferðir hjá annarri neyðarþjónustu eða öðrum viðkomandi stofnunum.</p> <p>Skipulagning skipta á sérfræðingum, tæknifræðingum og tæknimönnum aðildarríkjanna, sem gerir þeim kleift að halda eða sækja stutt þjálfunarnámskeið.</p> <p>3. <i>Æfingar</i> ⁽²⁾</p> <p>Markmiðið með æfingunum er að bera saman aðferðir, örva samstarf milli aðildarríkja og styðja samræmingarferli innlendra almannavarnarþjónustu meðal annars með tilliti til þess að viðbrögð í neyðartilvikum verði bæði skilvirkari og skjótari.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 75% af heildarkostnaði aðgerðarinnar.</p> <p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 75% af heildarkostnaði aðgerðarinnar, þó aldrei meira en 75.000 evrur fyrir hverja aðgerð.</p> <p>Að hámarki 75% af ferða- og dvalarkostnaði sérfræðinga og 100% af kostnaðinum við að samræma kerfið.</p> <p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af kostnaði vegna þátttöku áheyrnarfulltrúa frá öðrum aðildarríkum og til að skipuleggja málstofur sem þessu tengjast, undirbúa æfinguna, semja loka-skýrsluna o.s.frv.</p>
<p>C. Aðrar aðgerðir:</p> <p>1. <i>Tilraunaverkefni</i> ⁽²⁾</p> <p>Verkefni sem eiga að hafa þau áhrif að afköstin verði meiri og viðbrögðin skjótari á fyrstu stigum hættuástands í ýmsum héruðum aðildarríkja. Þessum verkefnum er einkum ætlað að bæta aðferðir, tækni og málsmeðferð, jafnvel á einangruðustu og afskekkustu svæðum og eyjum. Umfang þeirra og inntak skal vera þess eðlis að þau varði öll eða nokkur aðildarríki og ætlunin er að þau nái sem mestri útbreiðslu og verði rækilega kynnt alls staðar í sambandinu.</p> <p>Hvetja skal til fjölbjóðlegra verkefna eins og unnt er.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af heildarkostnaði hvers tilraunaverkefnis, þó aldrei meira en 200.000 evrur fyrir hvert verkefni.</p>

Aðgerð ⁽¹⁾	Fjárhagsákvæði
<p>2. <i>Stuðningsaðgerðir</i> ⁽²⁾</p> <p>Stuðningsaðgerðir á borð við undirbúningsvinnu í tengslum við ný svæði eða einstakar aðgerðir til eftirfylgdar öðrum verkefnum, málstofum eða æfingum.</p> <p>3. <i>Ráðstefnur og viðburðir</i></p> <p>Ráðstefnur og aðrir viðburðir í tengslum við almannavarnir, sem taka til nokkurra aðildarríkja.</p> <p>4. <i>Upplýsingar</i></p> <ul style="list-style-type: none"> — Aðgerðir sem stuðla að betri upplýsingum til almennings, betri menntun og auknum skilningi, til þess að hjálpa borgurinum að vernda sjálfa sig á árangursríkari hátt, hvar svo sem þeir kunna að vera staddir í bandalaginu, auk þess að stuðla að öryggi borgaranna í bandalaginu — Miðlun upplýsinga, útgáfa og gerð sýningarefnis um samstarf bandalagsins á sviði almannavarna. <p>5. <i>Aðrar aðgerðir</i></p> <ul style="list-style-type: none"> — Aðrar aðgerðir sem auka skilning á árangri almannavarnarstarfs, svo sem tölfræðilegar upplýsingar, efnahagsleg greining — Mat á áætluninni — Dreifing upplýsinga um þær aðgerðir sem búið er að ákveða, á tungumáli þeirra aðildarríkja sem aðgerðirnar varða. <p>D. Útkall sérfræðinga</p> <p>Sérfræðingar eru kallaðir út í neyðartilvikum til að styrkja það kerfi sem yfirvöld aðildarríkis eða þriðja lands, sem standa frammi fyrir náttúruhamföllum eða vá af völdum tæknibilunar, hafa byggt upp.</p>	<p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 50% af heildarkostnaði hvernar aðgerðar, þó aldrei meira en 30.000 evrur fyrir hverja aðgerð.</p> <p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 30% af heildarkostnaði viðburðarins, þó aldrei meira en 50.000 evrur fyrir hverja aðgerð.</p> <p>Hámarksfjárframlag bandalagsins: 75% af heildarkostnaði aðgerðarinnar.</p> <p>Fjárframlag bandalagsins: 100% af kostnaði.</p> <p>Fjárframlag bandalagsins: 100% af kostnaði.</p> <p>Fjárframlag bandalagsins: 100% af kostnaði vegna útkalls sérfræðings.</p>

⁽¹⁾ Styrkhæfar aðgerðir verða að vera í samræmi við þá forgangsröðun sem stjórnarnefndin ákveður á hverju ári.

Séraðgerðir sem eru styrkhæfar með tilliti til annarra gerninga bandalagsins njóta ekki fjárstuðnings innan ramma þessarar áætlunar. Að því er varðar D-lið þýðir þetta að aðgerðir sem eru styrkhæfar, meðal annars með tilliti til ECHO, njóta ekki fjárstuðnings innan ramma þessarar áætlunar.

⁽²⁾ Einu styrkhæfu aðgerðirnar eru þær sem varða öll aðildarríkin eða mörg þeirra.